

## Innra mat Þjórsárskóla 2022-2023

Unnið af Bolette og Kristínu

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og vinna eftir henni. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögnum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er lögð áhersla á að fjölbreytni í námi og kennsluháttum sé undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda.

Þetta skólaárið var áherslan í innra mati á Skógarkennslu, útinám og hreyfingu. Unnið var í rýnihópum bæði hjá starfsfólki og nemendum.

Skólaár	Verkefni	Markmið	Aðferð
2022-2023	Skógarkennsla, útinám og hreyfing. Skólapúlsinn hjá 6.-7. bekk.	Hvernig getum við aukið hreyfingu og heilbrigði í skólanum?	Umræður hjá nemendum og starfsfólki um mögulegar úrbætur.

### Framkvæmd Unnin í apríl 2023

Unnið var í rýnihópum bæði hjá starfsfólki og nemendum. Starfsfólki var skipt í hópa á starfsmannafundi og umsjónarkennarar unnu með nemendum í stofunum sínum.

**Nemendur: Leitast var eftir að fá sem flestar hugmyndir frá nemendum um hvernig við getum aukið hreyfingu og heilbrigði.**

#### Hugmyndir frá nemendum

Hreyfing	Heilbrigði
Jóga	Sófi í stofu
Hoppubelgur	Hengirúm úti
Aparóla	Bíókvöld
Fleiri skógarferðir	Fleiri ávexti
Stórar rólur og stór vegasölt	Taka lýsi
Stærri sundlaug	Hjálpa hvert öðru
Rennibraut í sundlauginni	Leika sér
Laga hlaupabrautina	Vera heilbrigður
Fleiri göngutúra	Vera ekki lasin
Trampolín	Líða vel
Fleiri hjóladaga	Snemma að sofa
Lengri frímínútur	Borða hollan mat
Oftar útival	Ekki of mikið í tölvu
Kastala	Oftar kjötsúpa

Heitan pott	Meira úrval í morgunmat
Kaldan pott	Vera góð við aðra, passa sína framkomu
Sandkassi	Fá tíma til að hvíla sig einu sinni í viku
Færa mötuneytið lengra í burtu	Nota tímavaka meira, í kennslustundum og frímínútum.
Lengri tími fyrir yngri á sparkvelli	Hvildartími
Stærra íþróttahús	Svefntími
Skólahreystibraut	Hlusta á sögur í hvildartíma
Fara meira út	Oftar þemavika og stöðvavinna með föndri
Ratleikir	Ristað brauð í morgunmat
Skipulagðir útileikir	Meira grænmeti í matnum. Fjölbreyttari salatbar
Þrautabraut	Meira úrval ú morgunmat
Oftar íþróttatími	
Íþróttaval	
Skipulagðar frímínútur	
Stærri klifurvegg	
Dekkjara/Köngulóarróla	
Parkourkastali	
Kofa	
Bú	
Gera meira af verkefnum úti	

**Starfsfólk:** Leitast var eftir að fá sem flestar hugmyndir frá nemendum um hvernig við getum aukið hreyfingu og heilbrigði.

#### Hugmyndir frá starfsfólki

Hreyfing	Heilbrigði
Nýtt íþróttahús	Salatbar í mötuneytinu fyrir nemendur
25m sundlaug	Krakkarnir skammta sér sjálfir
Meira útidót	Símalaus skóli
Rennibraut	Syngja meira
Vatna/sullstaður	Betra aðengi að námsráðgjafa
Klifurband/betra klifurdót	Betra aðengi að skólahjúkrunarfræðingum
Göngustíga	Efla ART-ið með öllu starfsfólki
Skynfærastígur	Skrifa reglulega niður t.d. einu sinni í viku þrjá hluti sem ég er ánægð/ur með
Sandkassi	Uppbyggjandi stoðir á veggjum
Byrja hvern morgun á teygjum, slökun og hreyfingu	Slökun
Frímínútur eftir hádegi á miðstigi	Grófara brauð
Hlaupa hringi 1-2 á vellinum og taka tíma í hverjum mánuði	Smjör ekki smjörva
Skipulagðir hópleikir í frímínútum	Góðverkadagur
Virkja vinaliðaleiki, hvatning til að gera eh saman	Leynivinadagur
Fela hlut reglulega t.d. í frímínútum	Bekkur vikunnar, hrósa honum, hjálpa, fá athygli
Finna vísbendingar, stafi, leysa dulmál	Stjarna vikunnar, nemandi vikunnar, hrós í kassa. Starfsfólk og nemendur. T.d. spjald með nafni sem allir skrifa hrós á.
Fá stultur	Fræðsla til krakkana frá einstaklingum með hinar og þessar raskanir, sérstaklega á miðstigi.

Lengri leiðin í mat c.a. einu sinni í mánuði	Átak í svefni, símanotkun, leyfi fyrir öppum. Átak með foreldrum um að taka sig saman og samræma.
Valhoppa í mat eða labba á ská	Sjálfstyrkingarnámskeið klæðskerasaumuð eftir hópum
Fleiri skógarferðir, meiri skógarvinna	Vinna með áhugamál og gleði
Vettvangsferðir	Dagleg hreyfing oft og stutt
Fleiri gönguferðir	Hollur matur
Hjól á svæðinu	Jákvæð endurgjöf, hvatning og umræða
Gönguskíði á svæðinu	Núvitund og jóga
Hreyfileikir, markvisst stjórnað	ART
Sameiginleg hreyfing barna og fullorðinna	Nemendaviðtöl með minni hópum og einstaklingum.
Prautabrautir, hvetjandi þrautir	
Leikföng sem krefjast hreyfingar: krikket, kubbb, sveiflubolti á stöng, frisbígolf og fótboltagolf.	

### Umbótaáætlun

	<i>Áhersla skólaárið 2023-2024</i>	<i>Framkvæmd</i>	<i>Tími</i>	<i>Ábyrgð</i>
Hreyfing	Fleiri skógarferðir	Skipuleggja reglulega yfir skólaárið.	Haustið 2023	Starfsfólk
	Fleiri vettvandsferðir	Skipulagðar í tengslum við þema	Haustið 2023	Starfsfólk
	Jóga og núvitund í öllum hópum	Í stundatöflu hjá öllum nemendum	Haustið 2023	Skólastjóri
	Hoppubelg og aparólu	Nemendur skrifa bréf til sveitarstjórnar	2023-2024	Umsjónarkennarar
	Fleiri leiktæki á skólalóðinni	Nemendur taka þátt í vali. Kosning.	2023-2024	Skólastjóri
	Vinaliðar	Skipulagðir leikir í frímínútum	Haustið 2023	Umsjónarkennari og 7.bekkur
	Hlaupa hringi á vellinum	Tímataka í hverjum mánuði	Haustið 2023	Íþróttakennari

	<i>Áhersla skólaárið 2023-2024</i>	<i>Framkvæmd</i>	<i>Tími</i>	<i>Ábyrgð</i>
Heilbrigði	Oftar kjötsúpa, salatbar og fleira	Nemendur skrifa bréf til kokksins	Haustið 2023	Umsjónarkennarar/Íslenskukennarar
	Auka fjölbreytni í ávöxtum í morgunmat	Þjóða upp á fleiri gerðir	Haustið 2023	Grönn
	Vinavika	Í kringum dag gegn einelti	nóvember2023	Kristín
	Nemendur og starfsmaður mánaðarins	Velja nemanda og starfsmann sem fær hrós upp á vegg	2023-2024	Starfsfólk
	Hvöld og slökun	Hvöldarhorn og púða í heimastofum	Haustið 2023	Starfsfólk

**Við ætlum að halda áfram að vinna úr hugmyndum nemenda og starfsfólk á næstu árum. Þetta er bara byrjunin. Einnig fá kennarar aðgang af þessum óskalistum og er þar helling sem þeir geta unnið með samhliða sinni kennslu.**

## Skólapúlsinn - Niðurstöður vorið 2023

Skólinn notar Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum, sem eru á aldursbilinu 11-12 ára spurninga, um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur það um 20 mínútur. Könnunin er hluti af innra mati skólans.

Helstu niðurstöður: Niðurstöðurnar voru jákvæðar fyrir skólann. Eftirfarandi matsþættir eru yfir landsmeðaltali og sérstaklega ánægjulegir fyrir skólann:

1. Ánægja af lestri
2. Áhugi á stærðfræði
3. Ánægja af náttúrufræði
4. Agi í tímum
5. Virk þátttaka nemenda í tímum
6. Tíðni leiðsagnarmats

Það sem við þurfum að skoða betur út frá þessum niðurstöðum er þrautseigja í námi og trú á eigin getu. Einnig þyrfti að fara yfir hugtök sem koma fyrir í könnuninni og útskýra fyrir nemendum áður en þau svara þannig að þau viti alveg hvað verið er að spyrja um.

Dæmi um svör nemenda: Það sem er gott við skólann minn

- Allir góðir
- Að við förum oft í ferðir með skólanum og við fáum verðlaun ef við lesum oftar en 25 sinnum í sumarfríi.
- Enskutímar fínir og sófinn í stofunni.
- Góður kennari
- Góður umsjónarkennari og gott mötuneyti
- Hvað maturinn er góður í skólanum
- Góðir kennarar, rólur, smíði, stundum frjálst, góðir skólabílstjórar, góður matur
- Hvað maturinn er góður í skólanum og góðir kennarar
- Krakkarnir eru góðir hver við annan og kennarar eru góðir að kenna
- Mér finnst leikvöllurinn verið geðveikur og líka kennslustofunnar. Kennararnir eru líka rosa góðir sérstaklega umsjónarkennarinn minn. Og líka hvað fljótt málin leysast það var eitthvað baktal að gerast en það hætti rosa fljótt því allir nemendurnir létu vita um leið.
- Næstum allir eru vinir
- Sparkvöllurinn

- Góðar stofur
- Það er ekkert einelti og flestir eru vinir

Dæmi um svör nemenda: Það sem má betur fara í skólanum mínum

- Baktal
- Ekki neitt
- Sumir starfsmenn stundum ósanngjarnir
- Erfitt í náttúrufræði
- Hávaði í innifrímínútum
- Litlu krakkarnir fyrir í innifrímínútum
- Hávaði í stofum og lítið pláss inni
- Nemendur grípa fram í í kennslustundum
- Starfsfólk tekur ekki alltaf eftir því hvernig okkur líður
- Þönnuvöllurinn, íslenska og íþróttir
- Stundum stríðni, stundum einelti
- Hávaði í morgunmatnum
- Þegar það er vont veður væri gott aða vera inni
- Þegar við erum til sirka hálfjögur í skólanum á mánudögum mættum við fá meira að borða af því að flestir nemendur eru svangir
- Sumir krakkar eru leiðinlegir

Gott er að fara vel yfir niðurstöðurnar með öllu starfsfólki að hausti og taka mið af þeim í skipulagningu skólastarfsins. Gaman að heyra að nemendum líður almennt vel og eru ánægðir með kennara og kennsluna en það er líka ýmislegt sem við getum bætt. Við getum t.d. bent nemendum að koma með nesi þegar skóladagurinn er langur og unnið að því að bæta aðstöðu nemenda inni t.d. með því að eldri nemendur fengu aðstöðu niðri í kjallara.